

Gísli Páll Pálsson stjórnarformaður
Grund hjúkrunarheimili
Hringbraut 50
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023

Efni: Hópuþsögn á Dvalarheimilinu Ási og Þvottahúsi Grundarheimilanna

Með tölvubréfi framkvæmdastjóra Grundarheimilanna 22. september sl. var óskað eftir áriðandi fundi með fulltrúa Eflingar – stéttarfélags mánudaginn 25. sl. Á fundinum voru kynnt áform um hópuþsögn 32 starfsmanna hjá fyrirtækjum Grundarheimilanna auk þess sem tímabundnir ráðningarsamningar fjögurra starfsmanna til viðbótar yrðu ekki endurnýjaðir. Í minnisblaði sem farið var yfir á fundinum og afhent í lok hans sagði m.a. eftirfarandi um tilefni fyrirhugaðrar hópuþsagnar:

„Um nokkurn tíma hefur stjórn heimilanna séð rekstur heimilanna fara versnandi. Skýringuna má að mestu finna í fækkun heimilisfólks, meðal annars vegna breytinga á húsnæði og vegna þess að rýmin henta síður veikara fólki sem fjölgar ört. Á síðustu árum hefur rýmum í Ási fækkað um 25 og á Grund um 13 (aук tímabundinnar fækkunar vegna framkvæmda). Rekstrarkostnaður ýmissar stoðþjónustu hefur ekki lækkað í sama hlutfalli og þar með geta heimilin ekki staðið undir honum til framtíðar að óbreyttu. Þar með eru fyrirhugaðar mjög þungbærar en nauðsynlegar aðgerðir.“

Á fundinum kom fram að fyrirhugað væri að ráðast í endurskipulagningu á starfsemi í Hveragerði. Í þeirri endurskipulagningu fælist meðal annars að ræstingardeild á Dvalarheimilinu Ási yrði lögð niður og starfsemi þvottahúss hætt auk þess sem starfsemi garðyrkjustöðvar yrði lögð niður. Fram kom að stjórn heimilanna myndi taka ákvörðun í málinu miðvikudaginn 27. september sl. Ef til uppsagna kæmi yrðu fundir með starfsfólki haldnir föstudaginn 29. september sl.

Tilkynning um framangreinda endurskipulagningu var birt á vefsíðu heimilanna 28. september sl. Í tilkynningunni kom m.a. fram að þvottahús Grundarheimilanna í Hveragerði yrði lagt niður og leitað til einkaaðila við þvott á líni og einkafatnaði. Þá yrði ræstingardeild í Ási lögð niður og þjónustan keypt annars staðar frá. Einnig kom fram að dregið yrði úr umfangi garðyrkjustöðvar. Ræktun í garðyrkjustöð drægist því saman eða hætti jafnvel alveg.

Um hópuþsagnir gilda lög nr. 63/2000. Samkvæmt þeim er atvinnurekanda sem áformar hópuþsögn skylt að hafa samráð við trúnaðarmann stéttarfélaga eða annan fulltrúa starfsmanna með það fyrir augum að ná samkomulagi. Er atvinnurekanda skylt að kynna og ræða við trúnaðarmann eða fulltrúa starfsmanna um áformin, rökstyðja þau og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin. Með samráðinu skal leitað leiða til að forðast hópuþsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir

þeim verða og draga úr afleiðingunum þeirra. Við samráð samkvæmt framansögðu er atvinnurekanda skylt að láta trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og m.a. tilgreina skriflega ástæður þeirra og þær viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp. Um jafna meðferð á vinnumarkaði gilda lög nr. 86/2018. Þar er lagt bann við hvers kyns mismunun á vinnumarkaði, hvort heldur beinni eða óbeinni, vegna m.a. kynþáttar, þjóðernisuppruna, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáníningar.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og áður en Efling – stéttarfélag tekur afstöðu til framhalds málsins af sinni hálfu er þess óskað, sbr. 6. gr. laga nr. 63/2000, að stjórn Grundar veiti stéttarfélaginu nánari upplýsingar og skýringar um eftirfarandi:


1. Óskað er nánari upplýsinga og gagna, þ.m.t. ársreikninga, um þann tekjusamdrátt sem vísað er til m.a. í fyrrgreindu minnisblaði og í tilkynningu frá forstjóra heimilanna þar sem tekið er fram að á síðustu árum hafi rýmum á Ási hafi fækkað um 25 og um 13 á Grund. Er þá haft í huga að framangreind fækkun rýma hefur af hálfu heimilanna verið tilgreind sem ástæða uppsagnarinnar, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 63/2000.
2. Óskað er nánari upplýsinga og gagna um þau áform heimilanna að leita til einkaaðila um þvott á líni og einkafatnaði og kaupa ræstingarþjónustu annars staðar frá. Í því sambandi er óskað upplýsinga um hvort framkvæmt hafi verið mat á hagræði þess að útvista þjónustu sem áður hefur verið framkvæmd af starfsmönnum heimilanna og þá hver hafi verið niðurstaða slíks mats.
3. Óskað er upplýsinga og gagna um hvort og þá hvaða aðrar leiðir til að hagræða í rekstri heimilanna og/eða tryggja aukið fjármagn til rekstursins hafi verið kannaðar áður en ákveðið var að grípa til hópuppsagnar.
4. Óskað er upplýsinga og gagna um hvort og þá hvaða leiða hafi verið leitað til að forðast hópuppsögn eða fækka starfsmönnum sem fyrir henni urðu og draga úr afleiðingunum hennar að höfðu samráði við fulltrúa starfsfólks. Sérstaklega er óskað upplýsinga um mat á sjónarmiðum og tillögum starfsfólks og hvort og þá hvernig tekið hafi verið tillit til þessara sjónarmiða og tillagna við framkvæmd hópuppsagnarinnar.
5. Óskað er upplýsinga og gagna um þær viðmiðanir sem lagðar voru til grundvallar við val á starfsmönnum sem sagt var upp, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 63/2000. Í því sambandi er bæði haft í huga að ekki er ljóst að þær ástæður sem tilgreindar hafa verið fyrir hópuppsögninni tengist sérstaklega störfum þeirra starfsmanna sem sagt var upp og jafnframt að samsetning þessa hóps kann, að því er varðar m.a. kynþátt, þjóðernisuppruna, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáníningu, að vera ólík því sem almennt á við um starfsfólk heimilanna, en af því kann að leiða óbeina mismunun í andstætt 7. gr. laga nr. 86/2018, nema hlutlægar og málefnalegar ástæður hafi búið að baki vali á því starfsfólki sem sagt var upp störfum.

MAGNA

6. Óskað er upplýsinga um hvernig fyrirhugað sé að verkefnum þeirra starfsmanna sem sagt var upp verði sinnt í framhaldinu. Að því marki sem fyrirhugað er að kaupa þjónustu til þess að sinna verkefnum þeirra er óskað eftir því að upplýst verði hvort og þá hvernig til standi að tryggja að starfsfólk þjónustuveitanda njóti lögbundinna launakjara og réttinda á vinnumarkaði.
7. Að síðustu er óskað upplýsinga og fyrirliggjandi gagna um mat stjórnar Grundar á öllu framangreindu. Í því sambandi er óskað eftir upplýsingum um boðun stjórnarfundar 27. september 2023, dagskrá fundarins, þau gögn sem lögð voru fyrir fundinn og öll önnur gögn sem varpað geta ljósi á mat stjórnarmanna á því hvort og þá hvernig undirbúningur og framkvæmd hópuppsagnarinnar samrýmist ákvæðum laga nr. 63/2000 og laga nr. 86/2018.

Þess er óskað að svör við ofangreindum fyrirspurnum berist undirrituðum lögmanni f.h. Eflingar – stéttarfélags eigi síðar en 10. október nk.

Virðingarfyllt,
f.h. Eflingar – stéttarfélags,


Flóki Ásgeirsson lögmaður